

Minningarmót Taflfélags Snæfellsbæjar



Minningarmót Taflfélags Snæfellsbæjar var haldið 6. maí síðastliðinn í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Mótið var haldið í minningu Hrafns Jökulssonar og Ottós Árnasonar. 78 keppendur tóku þátt í mótinu, þar

á meðal sjö stórmeistarar. Nánar er fjallað um mótið inni í blaðinu og þar eru einnig fleiri myndir.

Ný Smiðja - opnunarhátíð

Fimmtudaginn 11. maí kl. 16:30

Við efnum til opnunarhátíðar nýrrar Smiðju, dagþjónustu og vinnustaðar fólks með skerta starfsgetu, að Ólafsbraut 55 í Ólafsvík.

Öll velkomin!

Smiðjan



Adventure Hotel Hellissandur opnar

Lengi hafa heimamenn beðið eftir endurvakningu hótelsins á Hellissandi en ekki hefur verið mikið líf í og við hótelið undanfari ár. Það verður því mikið gleðiefni þegar dyrnar opnast að nýju næstu mánaðarmót. Nýir eigendur hafa fest kaup á hótelinu sem áður hét Hótel Hellissandur. Hótelið mun koma til með að heita Adventure Hotel Hellissandur og er í eigu Arctic Adventures.

Arctic Adventures skipuleggur, selur og sér um framkvæmd ferða og afþreyingar og er eitt rötgrónasta ferðabjónustufyrirtæki landsins sem teygir sögu sína til ársins 1983. Fyrirtækið er öflugt á sínu sviði og er með starfsemi um allt land. Þá á fyrirtækið tvö

hótel á Suðurlandi undir merkjum Adventure Hotels auk þess að vera hluthafi í Óbyggðasetrinu á Fljótsdalshéraði. Hótelið á Hellissandi býður nú upp á 32 gistirými ásamt veitingasal og mótöku en fyrirhugað er að stækka hótelið og bæta við að minnsta kosti 20 herbergjum og eru útfærslur að þessari stækkun í vinnslu. Adventure Hotels Hellissandur verður rekinn með einföldu sniði til að byrja með, til þess að geta opnað sem fyrst og hafið þjónustu við ferðamenn verður einungis boðið upp á morgunmat í upphafi en spennan er fyrir frekari uppbyggingu sem mun þá koma í ljós síðar. Arctic Adventure Hotels vilja leggja áherslu á að vinna

með nærsamfélaginu og eru því alltaf opin fyrir hugmyndum um samstarf við aðila á svæðinu. Eins vilja þau koma á framfæri að þau

séu að leita af starfsfólki en nánari starfslýsingu og upplýsingar um starfið má finna í blaðinu. SJ



ÁRALÖNG ÞEKKING
OG REYNSLA AF
FASTEIGNAMARKAÐI
Á VESTURLANDI

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá fjölmörgum fyrirtækjum

BOGI MOLBY
Löggiltur fasteignasali
☎ 699 3444
molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

**VÉLSMIÐJA
GRUNDARFJARÐAR**

- Bilaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Getraunir 1x2

Það var frekar dræm þátttaka í getraunakaffinu síðasta laugardag, enda margt um að vera í bæjarfélaginu. Glæsilegt skákmót fór fram í Klifi og fyrsti leikur Víkings í Íslandsmótinu. Núna eru aðeins þrjár umferðir eftir af ensku deildinni og sami fjöldi leikdaga hjá okkur í laugardagskaffinu. Nokkrir hafa haft þann hátt á í vetur að senda liðsstjóra okkar útfyllingu miða sinna með SMS pósti, sem mætti nota meira næsta vetur. Það voru nokkrir getspakir í okkar hópi og náðu allt að

12 réttum úrslitum. Það dugði þó skammt því rúmlega 31.000 manns voru með 12 rétta og þar af rúmlega 300 á Íslandi! Vinningur fyrir 12 rétta var því aðeins 950 krónur. Ekki þýðir að dvelja við fortíðina, en gaman væri að sjá góða þátttöku í þessum síðustu umferðum. Spennan er mikil í ensku deildinni og því margt óvænt sem getur gerst. Sjáumst á laugardaginn á milli klukkan 11.00 og 12.00. kaffið er á sínum stað.

Áfram Víkingur.

JÖKULL

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Krían er komin



Oft er talað um að lóan sé hinn mesti vorboði eða að sauðburður boði komu vorsins. Í Snæfellsbæ verða töluverð kaflaskil þegar íbúar verða fyrst varir við kríuna, hvort sem koma hennar teljist fagnaðarerindi eða ekki þá þykir mörgum ekki komið vor fyrir en heyrst til kríunnar. Hún er heldur vanafastur fugl og tala þau sem mest vita oft um að krían láti sjá sig í kringum 8. maí ár hvert.

Eftir 60 daga ferðalag frá vetrarstöðvum sínum hefur krían lent á varpstöðvum, bæði á Rifi og við Álftavatn í Staðarsveit og samkvæmt heimildum blaðamanns sást einmitt til hennar þann 8. maí á báðum stöðum. Krían mun dvelja á varpstöðvum sínum fram í september og mun hún þá hefja ferðalagið að nýju suður á bóginn. SJ

Gunnar Gunnarsson heiðursfélagi Taflfélagsins



Á nýliðnu Minningarmóti Ottós og Hrafns sem haldið var í Klifi útnefndi Taflfélag Snæfellsbæjar sinn fyrsta heiðursfélaga. Það var Gunnar Gunnarsson sem fékk þann heiður en Gunnar hefur verið meðlimur í Taflfélagi Snæfellsbæjar lengi og þar áður Skákfélagi Snæfellsbæjar. Gunnar brennur fyrir starfið, er fráfandi gjaldkeri Taflfélags Snæfellsbæjar og hefur sinnt því starfi síðustu þrjá áratugi. Gunnar auk eiginkonu sinnar, Ester, hafa sinnt sjálfbóðaliðastarfi í ýmsum klúbbum og menningarstarfi í bæjarfélaginu og er dýrmætt að

njóta krafta slíkra sjálfbóðaliða til að reka öflugt íþrótt- og menningarstarf, þá sérstaklega í minni samfélögum líkt og Snæfellsbæ. Við viðurkenningu Gunnars sem heiðursfélaga Taflfélags Snæfellsbæjar hlaut hann gullmerki félagsins því til staðfestingar. Allir stórmeistarar sem voru á staðnum stigu upp á svið og tóku þátt í að afhenda heiðursorðuna.

Þorsteinn Gunnarsson, sonur Gunnars, tók við heiðursmerkinu fyrir hönd föður síns sem var fjarri góðu gamni sökum veikinda.

SJ

Stytttri opnun á föstudögum

Breytingar eru í vendum á leikskólum Snæfellsbæjar en foreldrar leikskólabarna fengu tilkynningu þess efnis fyrir stuttu. Í fréttabréfi leikskólans sem sent var til foreldra í síðustu viku kom fram að eftir sumarfrí muni leikskólinn loka klukkan 14:00 á föstudögum. Leikskólinn hefur hingað til verið opinn til 16:15 alla virka daga. Í kjölfarið upplýsti leikskólastjóri foreldra betur um ákvörðunina. Samkvæmt leikskólastjóra er ástæðan fyrir breytingunni sú að leikskólanum ber skylda að uppfylla kröfur kjarasamnings sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerði við Samband leikskólakennara en hann var undir-

ritaður var 27. apríl 2022. Í þeim samningi var sérstaklega samið um betri vinnutíma á leikskólum. Markmið kjarasamningsins var að ná fullri vinnustyttingu. Leikskólinn fékk frest til þess að framkvæma styttinguna til 31. mars síðastliðinn en það tókst ekki og hefur því nú fengið frest til þess að koma með tímasetta áætlun um hvernig áætlað er að framkvæma styttinguna. Með því að loka leikskólum fyrr á föstudögum er helmingnum af styttingunni náð. Enn er verið að vinna að útfærslu á þeirri styttingu sem eftir er og mun leikskólinn upplýsa foreldra þegar að því kemur.

JJ



Lions plokkaði rusl meðfram vegum Snæfellsbæjar




Félagar í Lionsklúbbi Ólafsvíkur tóku plokkdaginn alvarlega þetta árið, síðustu daga aprílmánaðar nýttu þeir til að tína rusl meðfram þjóðvegum Snæfellsbæjar í samvinnu við Vegagerðina. Lionsfélagar byrjuðu við sveitarfélagamörki í Staðarsveit og týndu allt sjáanlegt rusl meðfram veginum alla leið að Hellnum og einnig niður að Arnarstapa, að norðanverðu hreinsuðu þeir frá sveitarfélagamörkun í Búlandshöfða og alla leið út að Gufuskálum.

Verkefninu lauk á mánudag 1. maí en samtals voru þetta rúm 76 km og því nokkur skrefin sem stigin voru, talsvert var safnað af rusli en lionsmenn voru sammála um að það sé þó mun minna núna en þegar þeir tóku þátt í þessu hreinsunarátaki fyrst.

Veðrið lék við mannskapinn meðan á hreinsunstarfinu stóð eins og sést á meðfylgjandi sjálfu sem einn hópurinn tók við skiltið um Axlár-Björn.

JÓ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Afkoma Snæfellsbæjar jákvæð um 377 milljónir

Ársreikningur Snæfellsbæjar var samþykktur samhljóða á bæjarstjórnarfundi þann 4. maí eftir síðari umræðu.

Rekstur Snæfellsbæjar kom mun betur út en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir og var jákvæður um 377,4 m.kr.. Útgjöld voru nánast á pari við fjárhagsáætlun og það er eftirtektarvert að forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar eru að skila rekstri sinna stofnana enn eitt árið undir áætlun. Þetta er mjög ánægjulegt og eiga forstöðumenn hrós skilið fyrir hversu vel þeir reka sínar stofnanir og hversu vel þeir eru að fylgjast með fjárhag sinna eininga.

Helstu lykiltölur ársreiknings eru taldar hér:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 3.417 millj. króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði

ráð fyrir rekstrartekjum um 2.918 millj. króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 2.644 millj. króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.319 millj. króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 377,4 millj. króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 36,5 millj. króna. Rekstrarafkoman varð því töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir, eða sem nemur 340,9 millj. króna. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 206,4 millj. króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir afkomu upp á 155 þús. króna. Afkoma A-hluta varð því betri sem nemur 206,2 millj. króna. Þessu fjármagni hefur þegar verið varið til fjárfestinga í innviðum, niðurgreiðslu skulda og þjónustu við

bæjarbúa.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.723,6 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 147 stöðugildum í árslok.

Veltufé frá rekstri var 443,1 millj. króna og veltufjárhlutfall er 0,91 hjá A-hluta og hefur farið hækkandi undanfarin ár. Veltufé frá rekstri í samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var 696,7 í árslok 2022 og veltufjárhlutfall samstæðunnar er 1,48.

Handbært frá rekstri var 395,7 millj. króna hjá A-hluta en 644,9 millj. hjá samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta. Þessi tala gefur vísbendingar um hæfni Snæfellsbæjar til að greiða skuldir og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum á árinu.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 5.369,8 millj. króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 6.861,5 millj. króna í árslok 2022.

Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 1.956,6 millj. króna og í samanteknum ársreikningi um 2.096,6 millj. króna, og hækkuðu þar með milli ára um 20 millj. á nafnvirði, en lækkuðu að raunvirði. Þar spilar verðbólga ársins 2022 inn í.

Snæfellsbær hefur verið að greiða niður lán og minnka skuldir undanfarin ár, og á árinu 2022 voru engin ný lán tekin, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar. Hins vegar var verðbólga töluverð, eins

og áður segir, og jukust því skuldir Snæfellsbæjar að nafnvirði örliði sem því nam á árinu 2022. Þó lækkuðu skuldirnar að raunvirði milli ára. Skuldir Snæfellsbæjar við lánastofnanir lækkuðu milli ára, eða um 41,9 millj. hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta.

Skuldahlutfall Snæfellsbæjar er lágt, eða 74% hjá A-hluta og 61,36% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta. Ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 49,55% fyrir A-hluta og 37,4% fyrir samstæðuna. Snæfellsbær hefur því töluvert svigrúm til lántöku ef kemur til einhverra stærri tekjufalla í framtíðinni. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera herra en 150%.

Eigið fé bæjarsjóðs nam um 3.413,2 millj. króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 4.764,9 millj. króna í árslok 2022. Eiginfjárhlutfall er 63,56% á árinu 2022 hjá A-hluta en var 62,01% árið áður. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta er 69,44% í lok árs 2022 en var 67,56% árið áður. Almennt er talið að 50% eiginfjárhlutfall hjá sveitarfélagi sé ásættanlegt.

Miklar fjárfestingar voru á árinu og fjárfesti Snæfellsbær fyrir 424,9 milljónir í varanlegum rekstrarfjármunum.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar verður því að teljast afar góð.

Eygló gengur Jakobsveginn



Eygló Kristjánsdóttir frá Stóra-Kambi gengur þessa dagana Jakobsveginn til styrktar Krabbameinsfélagi Snæfellsness. Hún hóf göngu sína í Sain Jean Pied de Port í Frakklandi og mun ganga til Santiago de Compostela á Spáni en þessi ganga tekur iðulega um 35 daga. Í upphafi vikunnar hafði Eygló lokið við um það bil þriðjung leiðarinnar sem er í heildina um 800 km. Hefur hún lengi átt sér þann draum að ganga Jakobsveginn og ákvað nú að slá tvær flugur í einu höggi, láta drauminn rætast og styrkja

gott málefni í leiðinni eftir að hafa sjálf sigrast á krabbameini sem hún greindist með árið 2019. Hægt er að fylgjast með styrktarsíðu Eyglóar á Facebook undir nafninu Jakobsvegurinn, styrktarganga Eyglóar fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsness, þar sem hún birtir ferðasögur, uppfærslur og myndir.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að styrkja: Krabbameinsfélag Snæfellsness Kt.650107-0200 Rkn. 0133-15-004116

Kökubasar
Ungmennaráðs Snæfellsbæjar
Fjáröflun fyrir Ungmennaráðið
Föstudaginn 12. maí
Kl. 16:30 í Kassanum
Hlökkum til að sjá ykkur!
Hægt að greiða með pening eða millifærslu

Minningarmót Ottós og Hrafns

Minningarmót Taflfélags Snæfellsbæjar var haldið 6. maí síðastliðinn í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Mótið var haldið til minningar um Hrafn Jökulsson og Ottó Árnason, það sem áður var þekkt sem Ottómótið. Ottómótið var fyrst haldið í Klifi árið 2001 og var haldið árlega fram til ársins 2008. Mótið verður nú tekið upp að nýju við mikla kátínu skákáhugafólks sem kom alls staðar af til að taka þátt. 78 keppendur tóku þátt í mótinu, þar á meðal sjö stórmeistarar. Tefldar voru átta umferðir, fjórar hraðskákir og fjórar atskákir. Að endingu hafði Hannes Hlífar Stefánsson, Íslandsmeistari í skák árið 1993, sigur úr bítum og vann með 7 ½ vinningi af átta mögulegum. Vignir Vatnar Stefánsson, nýjasti stórmeistari Íslands hreppi annað sætið og Helgi Ólafsson, Íslandsmeistari árið 1985, var í því þriðja. Einnig voru veitt auka-verðlaun fyrir aðra flokka, Lenka Ptácníková hlaut verðlaun í U2200 og kvenna flokki, Helgi Ólafsson í Öldungaflokki, Ingvar Wu Skarphéðinsson í Unglinaflokkum undir 16 ára og Sigurður Scheving hlaut verðlaun heimamanna svo dæmi séu tekin. Nánari útlitun á úrslitum mótsins verður bráðlega að-

gengilega á Facebooksíðu Taflfélags Snæfellsbæjar.

Í salnum á efri hæðinni í Klifi fór fram sérstakt mót fyrir yngri kynslóðina, tugir ungra skákáhugamanna komu þar saman og kepptu í grunnskóla flokki. Það voru tveir félagsmenn Taflfélags Snæfellsbæjar sem voru efstir í drengjaflokki en svo að úrslitin yrðu ljós þurfti þriggja skáka einvígi, að lokum sigraði Gunnar Smári Ragnarsson en Stefán Jóhannesson átti annað sætið. Sigurvegari í stúlknaflokki var Elma Lís Scheving, sem er einnig í Taflfélagi Snæfellsbæjar. Það er því mikið að efnilegum og flottum krökkum í taflfélaginu og framtíðin björt.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Vaskur hópur í EldraFit



Þessi vaski hópur sem er á meðfylgjandi mynd mætti kátur í síðasta tíma vetrarins í EldraFit. EldraFit er námskeið sem fer fram í CF SNB þar sem gerðar eru styrktar-, úthalds- og liðleikaæfingar undir leiðsögn þjálfara, en þær Anna Þóra og Gestheiður Guðrún hafa séð um að þjálfna námskeiðið. Það hafa verið allt að 10-15 manns að æfa og er kennt á mánudögum og miðvikudögum kl.10:30-11:20.

Næsta námskeið hefst í ágúst/september eftir sumarfrí.

Veitt var viðurkenning í síðasta tímanum og hana hlaut Jens Sigurbjörnsson fyrir frábæra mætingu en hann hefur mætt í hvern og einn einasta tíma, geri aðrir betur.

Þjálfararnir vilja þakka öllum kærlega sem hafið mætt í vetur fyrir samveruna og vonast til að hitta alla hress í haust!



Fyrsti heimaleikur Víkings

Fyrsti leikur Víkings í Íslandsmótinu 2023 og jafnframt fyrsti heimaleikur sumarsins fór fram síðast liðinn laugardag og þar með hófst knattspyrnu vertíðin formlega. Veðrið var eins gott og það getur verið til leikjahalds, milt og þurr. Lið Dalvíkur-Reynis heimsóttu okkar stráka og var leikurinn hin besta skemmtun. Leikurinn fór fjörlega af stað, heimamenn ívið ákveðnari og eftir rúmleg hálf tíma leik skoraði Björn Axel fyrsta mark leiksins og staðan því 1-0 í hálfleik. Heimamenn voru mun ákveðnari og fljótlega í seinni hálfleik skoraði

Björn Axel annað mark og fljótlega eftir það slökuðu strákarnir á og bökkðu aftar á völlinn, sem er hættulegt, því það gefur mótherjum færi á að sækja og skora mark, sem gestirnir gerðu á 88. mínútu, þegar Sigfús Fannar skoraði fyrir Dalvík-Reyni. Við markið var sigur okkar manna kominn í hættu, svo drengirnir rifu sig upp og fóru að pressa á gestina, sem lauk með því að Björn Axel fullkomnaði þrennu sína eftir góða pressu á markmann gestanna í uppbótartímanum, náði af honum boltanum og skoraði. Leiknum lauk því með sigri heimamanna 3-1. Öflug-

ur sigur í fyrsta leik, sem gefur góð fyrirheit fyrir sumarið. Liðið er góð blanda af reynsluboltum og yngri leikmönnum. Ef þeir ná að vinna vel saman, getum við reikn-

að með góðri stöðu í lok móts. Næsti leikur er fyrir austan við lið Hattar/Hugins, sem töpuðu sýnum fyrsta leik og verða því erfiðir. *ÓHS*



Fjöldi við opnun Útgerðarinnar



Nú hefur verslunin Útgerðin opnað í nýju húsnæði. Síðastliðinn fimmtudag var opnunarpartý í versluninni en Útgerðin var til húsa í Pakkhúsinu í Ólafsvík og hefur nú opnað í ný uppgerðu rými í gamla pósthúsinu á Hellissandi. Rut Ragnarsdóttir og Heimir Berg reka verslunina og hafa undanfarið staðið í framkvæmdum á húsnæðinu. Tókst þeim vel til og hafa virt sögu húsnæðisins með því að halda munum sem voru í notkun á með-

an þar var pósthús. Fjölmennt var á opnuninni og fullt út úr dyrum á tímabili. Léttar veitingar voru í boði fyrir gesti sem voru spennir að líta nýju Útgerðina augum. Í tilefni opunar á nýjum stað vilja eigendurnir gera vel við viðskiptavinum sína og munu þau gefa gjafir að andvirði 100.000 króna. Allir sem versla í Útgerðinni eða í vefversluninni geta sett nafn sitt í pott og verður dregið út 21. maí næstkomandi.

JJ

Samstarfssamningur FISK og Taflfélags Snæfellsbæjar



Á Minningarmóti Ottós og Hrafns sem haldið var í Klifi 6. maí síðastliðinn var undirritaður samningur um samstarf milli FISK Seafood og Taflfélags Snæfellsbæjar. Kristinn Kristófersson, fjármálastjóri FISK Seafood og Tryggvi Leifur Óttarsson, formaður Taflfélags Snæfellsbæjar, skrifuðu undir samning þess efnis að FISK muni styrkja félagið að verðmæti 4,5 milljóna króna yfir þriggja ára tímabil. Á þessi styrkur að stuðla að bættum skilyrðum og áhuga á skákíþróttinni í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ auk þess að hvetja til og styðja við jákvætt samstarf á milli Taflfélagsins og grunnskóla og framhaldsskólans á starfssvæði félags-

ins. Einnig er stefnt að samstarfi Taflfélags Snæfellsbæjar og félaga eldri borgara á starfssvæðinu. Þá mun taflfélagið standa fyrir reglulegum skákmótum á starfssvæðinu, meðal annars með því að koma á skólaskákmótum líkt og tíðkaðist áður fyrr. Eins og áður segir nær samningurinn yfir þriggja ára tímabil, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025 og mun Taflfélagið fá 1.500.000 kr á ári, í tveimur greiðslum. Með þessu móti styður Fisk við uppbyggingu íþrótt- og menningarstarfs á svæðinu auk þess að gera Taflfélagi Snæfellsbæjar kleift að halda sínu öflugum og góða starfi áfram.

SJ

Aflafréttir



Það er greinilegt að tími handfæra bátanna er hafinn en 126 handfæra bátar lönduðu í höfnum Snæfellsbæjar dagana 1. til 7. maí og lönduðu þeir alls 301 tonni í hvorki meira né minna en 303 löndunum þannig að nóg hefur verið að gera hjá hafnarvörðum og strákunum sem sjá um landanir. Í Ólafsvíkurböfn lönduðu 42 handfæra bátar 99 tonnum í 104 löndunum. Í Rifshöfn lönduðu 35 handfæra bátar 79 tonnum í 76 löndunum. Á Arnarstapa lönduðu 49 handfæra bátar 123 tonnum í 123 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Bárður SH 96 tonnum í 3, Saxhamar SH 68 tonnum í 2, Magnús SH 52 tonnum í 3, Rífsari SH 38 tonnum í 3, Egill SH 33 tonnum í 2, Matthías SH 29 tonnum í 1, Gunnar Bjarnason SH 28 tonnum í 2, Ólafur Bjarnason SH 23 tonnum í 3, Esjar SH 22 tonnum í 3, Sveinbjörn Jakobsson SH 21 tonni í 3 og Guðmundur Jensson SH 15 tonnum í 2 löndunum. Hjá litlu línu bátunum landaði Gullhólmi SH 89 tonnum í 4, Tryggvi Eðvarðs SH 74 tonnum í 3, Bíldsey SH 68 tonnum í 3, Kristinn HU 56 tonnum í 4, Lilja SH 38 tonnum í 4, Brynja SH 36 tonnum í 6, Stakkhamar SH 35 tonnum í 4,

Sverrir SH 14 tonnum í 3, Þerna SH 3 tonnum í 1 og Geysir SH 2 tonnum í 1 löndun. Hjá stóru línu bátunum lönduðu t bátar einu sinni hvor Rífsnes SH landaði 80 tonnum og Örvar SH 69 tonnum. Tveir grásleppu bátar lönduðu Hjördís SH landaði 13 tonnum í 5 og Rán SH 6 tonnum í 5 löndunum. Bárður SH er á netum og landaði hann 82 tonnum í 7 löndunum þessa daga. Alls var því landað 1389 tonnum í 382 löndunum í höfnum Snæfellsbæjar. Í Rifshöfn var landað 765 tonnum í 109 löndunum, í Ólafsvíkurböfn 420 tonnum í 143 löndunum og á Arnarstapa 204 tonnum í 230 löndunum.

Þessa sömu daga var landað í Grundarfjarðarhöfn 289 tonnum í 56 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Hringur Sh 120 tonnum í 2, Farsæll Sh 62 tonnum í 1 og Sigurborg SH 54 tonnum í 1 löndun. Einn dragnóta bátur Ólafur Bjarnason SH landaði 11 tonnum í 1 löndun. Nú er árstími handfæra bátanna hafinn og lönduðu 19 handfæra bátar þessa daga og lönduðu þeir 37 tonnum í 46 löndunum.

ÞA



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

VORTÓNLEIKAR Tónlistarskóla Snæfellsbæjar 2023

verða haldnir sem hér segir:

Mánudaginn 15. maí í Klifi kl.17:00

Þriðjudaginn 16. maí í Klifi kl.17:00

Miðvikudaginn 24. maí á Lýsuhóli kl.13.00

Vortónleikar fullorðinna nemenda
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða
miðvikudaginn 10. maí kl. 20:00
í Frystiklefanum í Rífi.

Allir velkomnir - Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.

Foreldra- og styrktafélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
sér um sölu á kaffiveitingum
eftir tónleikana 15. og 16. maí.

Miði kostar 700 kr. fyrir 12 ára og eldri.

*Tónlistarskólakennarar og skólastjóri þakka
samstarfið í vetur og óska íbúum gleðilegs sumars.*

Margir fengu ís þegar Sjoppan opnaði



Fimmtudaginn 4. maí opnaði Sjoppa í Ólafsvík, sem áður hét Söluskáli ÓK. Eins og greint var frá í síðasta tölublaði Jökuls tóku Júníana Björg Ottarsdóttir og Jóhann Pétursson við rekstrinum á söluskálanum nýlega og lokað var um stuttan tíma á meðan smávægilegar breytingar á upp-

setningu staðarins voru gerðar. Þegar Sjoppa var svo klár fögnuðu þau áfanganum með því að bjóða gestum og gangandi í ís og kaffibolla á milli 16 og 18 þennan sama dag. Það var fjölmenni sem kíkta við, gæddi sér á ís og kaffibolla og tóku út nýju Sjoppuna.

SJ



Viltu slást í hópinn í einu öflugasta fyrirtæki landsins?

Hótel Hellissandur mun opna að nýju á næstu vikum og leitum við því að öflugum starfsfólki til að sinna þjónustu við gesti. Hótelið er hluti af samstæðu Arctic Adventures sem er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn. Arctic Adventures leggja áherslu á tækifæri starfsfólks til vaxtar og þróunar í starfi. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur starfsfólks, um 250 manns að jafnaði og fer fjölgandi.

Vaktstjóri í gestamóttöku:

Við leitum að leiðtoga til að gegna stöðu vaktstjóra í gestamóttöku hótelsins. Ef þú átt auðvelt með að vinna sjálfstætt og hefur framúrskarandi þjónustulund viljum við gjarnan heyra frá þér.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Hafa umsjón með vöktum og bókunum
- Tryggja faglega móttöku gesta
- Stjórna innritun og útritun gesta
- Sala á vörum og þjónustu
- Reikningagerð og uppgjör
- Móttaka og úrlausn kvartana og athugasemda
- Þátttaka í öðrum verkefnum sem stjórnendur óska eftir

Við viljum gjarnan heyra frá þér ef þú býrð yfir;

- Almennri menntun sem nýtist í starfi.
- Reynslu af sambærilegum störfum og söluhæfileikum.
- Góðri færni í samskiptum, jákvæðu viðmóti og ríkri þjónustulund.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hefur gott vald á ensku, íslenska og þriðja tungumál er kostur.
- Ert tilbúin(n) að vinna samkvæmt 2-2-3 vaktakerfi.

Herbergisþrif og undirbúningur morgunverðar: Í boði er bæði fullt starf og helgarvinna.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þrif á hótélherbergjum, gangi og sameiginlegum rýmum
- Undirbúa og bera fram léttan morgunverð
- Þvo þvott daglega og undirbúa herbergi fyrir gesti

Við viljum gjarnan heyra frá þér ef þú býrð yfir;

- Getu til að vinna vel undir tímapressu
- Getu til að tjá þig á einfaldri ensku
- Reynslu sem nýtist í starfi, reynsla af heimilis- eða hótélstörfum er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 15.maí nk.

Vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá í gegn um síðuna
<https://jobs.50skills.com/adventures>